



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Smári Haraldsson, forstöðumaður  
Suðurgötu 12  
400 ÍSAFIRÐI


Reykjavík 5. október 2015  
Tilv.: MMR15060132/9.40.1-

Með bréfi dagsettu hinn 14. febrúar 2014 veitti mennta- og menningarmálaráðherra Fræðslumiðstöð Vestfjarða viðurkenningu til eins árs samkvæmt ákvæðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 til þess að annast framhaldsfræðslu. Í viðurkenningunni felst staðfesting á því að starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar uppfyllir, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stöð í þeim.

Ráðuneytið hefur tekið starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar til nýrrar skoðunar og yfirfarið ársskýrslu og ársreikning ársins 2014. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011, samning mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um ráðstöfun rekstrarframlaga í fjárlögum dags. 18. desember 2014, og þjónustusamning Fræðslumiðstöðvarinnar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ásamt yfirlýsingum og viðaukum dags. 7. febrúar 2012.

Á grundvelli framangreindra gagna veitir ráðuneytið hér með Fræðslumiðstöðinni á Vestfjörðum, kt. 511199-2049, endurnýjaða viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin felur hvorki í sér viljrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum Fræðslumiðstöðvarinnar ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Fræðslumiðstöðin ber sjálf alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Uppfylli Fræðslumiðstöðin ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.



Illugi Gunnarsson



Ásta Magnúsdóttir